

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi
Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Frá Bjarna Jónssyni.

Við 8. gr.

a. Í stað ártalsins „2024“ í 1. málsl. efnisgreinar komi: 2025.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 6. mgr. 12. gr. og 10. mgr. 15. gr. er framsal aflahlutdeilda í grásleppu
óheimilt til 31. ágúst 2026.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ný aðferð við fiskveiðistjórn á grásleppu með hlutdeildarsetningu. Þar sem ekki er komin reynsla á áhrif hlutdeildarsetningar á fiskveiðistjórn grásleppu er sett inn tímabundin takmörkun á framsali aflahlutdeilda. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki ráðstöfun aflamarks á tímabilinu og gefur tækifæri til að meta áhrif hlutdeildarsetningar án þess að hrófla við hlutdeildum einstakra báta á tímabilinu.

Þá er lagt til að Fiskistofa úthluti fiskiskipum aflahlutdeild fyrir 1. mars 2025 í stað 2024, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir.